

## 6. gr.

Úrskurðarnefnd lögmanna leysir úr ágreiningsmálum er varða störf lögmanna sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari.

Lögmannafélag Íslands skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu um ákvarðanir úrskurðarnefndar félagsins í kjölfar kvartana um störf lögmanna sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ráðuneytið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimalandi lögmansins um slíkar ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 93/2004, til innleiðingar á tilskipun nr. 77/249/EB, sem vísað er til í 2. tl. VII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 625/1995 um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu á Íslandi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2005/2006.

## 1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 er leyfilegur heildaraflur sem hér segir:

<b>Tegund</b>	<b>Lestir</b>
Þorskur	198.000
Karfi	57.000
Ýsa	105.000
Ufsi	80.000
Grálúða	15.000
Steinbítur	13.000
Skráplúra	3.500
Skarkolí	5.000
Sandkólí	4.000
Keila	3.500
Langa	5.000
Þykkvalúra	1.800
Skötuselur	2.500
Langlúra	2.400
Íslensk sumargotssíld	110.000
Úthafsrækja	10.000
Humar	1.800
Rækja, Arnarfjörður	300

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir rækju verður endurskoðuð að lokinni úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjustofnunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 2005.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Pórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis I, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í því að byggingarreitir á lóðunum nr. 2 - 18 við Skálatún lengjast til austurs og vesturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 22. júní 2005.*

**Ármann Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

### Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi .....	kr.	1.400
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds .....	kr.	1.850
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla .....	kr.	4.200
- gjald fyrir sæði úr holdanautum .....	kr.	1.200
- heimsóknargjald vegna sæðinga .....	kr.	800

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á

starfssvæði B.V. .... kr. 2.800 pr.klst.

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur

á starfssvæði B.V. .... kr. 6.000 pr.klst.

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði B.V. .... kr. 0

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.